

## Skýrsla verkefnastjóra Starfendarannsókna veturinn 2019-2020

Átján kennarar og tveir stjórnendur við MS tóku þátt í starfendarannsóknum veturinn 2019-2020. Ráðgjafar hópsins voru Hafþór Guðjónsson og Guðrún Ragnarsdóttir.

Þátttakendur: Aðalbjörg Kristbjörnsdóttir, Ágúst Ásgeirsson, Brynja Dís Valsdóttir, Brynja Gunnlaugsdóttir, Dóra Kristín Sigurðardóttir, Guðbjörg Ásta Stefánsdóttir, Gunnvör Rósa Eyvindardóttir, Hafsteinn Óskarsson, Helga Sigríður Þórsdóttir, Hjördís Þorgeirsdóttir, Jóna Guðbjörg Torfadóttir, Lóa Steinunn Kristjánsdóttir, Ólafur Þórisson, Ósa Knútsdóttir, Rannveig Hulda Ólafsdóttir, Selma G. Selmudóttir, Sigrún Lilja Guðbjörnsdóttir, Sigurrós Erlingsdóttir, Þóra Víkingsdóttir og Þórunn Steindórsdóttir

Starfið hófst með hefðbundnum hætti. Hafþór Guðjónsson var ytri ráðgjafi okkar framan af vetri en hætti því starfi í nóvember. Á vorönn var Guðrún Ragnarsdóttir, lektor á Menntavísindasviði H.Í. fengin til að vera ráðgjafi okkar og stóð til að hún yrði með okkur á tveimur fundum. Vegna COVID faraldrar og meðfylgjandi skólalokunar 16.3. 2020 varð minna úr en til stóð og var hún með hópnum á einum fundi í febrúar. Starfið féll niður frá og með skólalokuninni.

Fundir vetrarins:

11.9. 2019. Kynning á starfendarannsóknum við MS. Framsöguerindi á rannsóknaverkefnum sem flutt voru á ráðstefnunni Menntun til framtíðar 20. sept.: Hjördís Alda Hreiðarsdóttir og Sigurrós Erlingsdóttir segja frá samvinnunámi í Brennu-Njáls sögu, Hjördís Þorgeirsdóttir kynnir rannsókn sína á leiðsagnarnámi og námskrafti nemenda, Þóra Víkingsdóttir segir frá smiðjum í líffræði og Gunnvör Rósa Eyvindardóttir frá rannsókn sinni um að læra um lýðræði – í lýðræði.

24.10.2019: Orðið látið ganga. Kennarar segja frá því sem þeir hyggjast rannsaka í vetur.

6.11.2019: Ráðstefna Samtaka áhugafólks um skólapróun og Félags um starfendarannsóknir haldin til heiðurs Hafþórs Guðjónssonar. Þóra Víkingsdóttir heldur erindi og stjórnar málstofu á ráðstefnunni.

20.11. 2019. Dóra Kristín Sigurðardóttir kynnir niðurstöður rannsóknar sinnar: Getur skilningur nemenda á námsviðmiðum í námskrá og markviss í grundun á eigin námi aukið námskraft og námsárangur?

8.1. 2020. Helga Sigríður Þórsdóttir og Þórunn Steindórsdóttir segja frá því sem þær hafa verið að sýsla með.

24.1. 2020. Fundur með kennurum í Fjölbrotaskóla Suðurnesja sem vinna að starfendarannsóknum. Viðfangsefni: Hvernig er best hlúð að kennurum í þróunarvinnu þeirra.

12.2. 2020. Meðlimir starfendarannsóknarhópsins taka með sér gest á fundinn. Guðrún Ragnarsdóttir slæst í för með hópnum. Haldið áfram með umræðuefni síðasta fundar um hvernig sé best hlúð að kennurum til að viðhalda starfsþreki þeirra. Guðrún er með erindi um starfendarannsóknir og kynnir líkan sitt um jafningjamat.

Frekari fundir falla niður vegna skólalokunar í COVID faraldri.

Þóra Víkingsdóttir, verkefnastjóri í starfendarannsóknum